

## 15. Hverfisfljót<sup>1</sup>

Uppi eru hugmyndir um 15 MW rennslisvirkjun sem tæki vatn úr Hverfisfljóti. Drög að matsáætlun hafa verið lögð fram en þau eru í athugun með tilliti til stækkunar virkjunarinnar í 40 MW með orkugetu 260 GWh/a. Rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi hafa farið fram þó að líklega þurfi að styrkja þær með tilliti til stækkunar. Þar sem gögn eru ekki tiltæk verður þessi hugmynd ekki tekin til mats að þessu sinni.

Áður var athugað hvort virkja mætti rennsli Hverfisfljóts í gegnum Laufbalavatn og Kríuvötn ásamt veitu frá austurkvíslum Skaftár. Stífla og miðlun voru fyrirhuguð við Fremri-Eyrar. Útrennsli virkjunar var ráðgert í Geirlandsá.

All ítarleg athugun var gerð á að stífla Hverfisfljót frá Fremri Eyrum að vestan yfir í norðurhlíðar Brattháls að austan. Með hliðsjón af því að stíflustæðið er allt á Eldhrauninu má búast við miklum leka gegnum hraunið nema gripið verði til mjög kostnaðarsamra aðgerða, því að í ljós hefur komið að stórt og mikið hellakerfi teygir sig inn undir lónstæðið. Þær aðstæður gefa ekki tilefni til nema mjög lítillar miðlunar, sem engan veginn dugir til að jafna út rennsli Hverfisfljóts.

Þar sem miðlunarlón og miðlun í Kríuvötnum eru vafasöm var á þessu stigi horfið frá því að mæla með stórrri virkjun í Hverfisfljóti. Þess má geta að vafalítið þyrfti a.m.k. 100 Gl miðlun í Hverfisfljóti við Fremri Eyra til að líkur væru til að rennsli þess nýttist til arðbærrar orkuvinnslu, en slík miðlunarstærð eða stærri er nánast óhugsandi á þessum stað vegna jarðfræðilegra aðstæðna eins og að framan segir.

Einnig var lauslega athugað um veitu Hverfisfljóts yfir í Djúpá. Með hliðsjón af vandamálum við gerð stíflu og miðlunar við Fremri Eyra svo og erfiðleikum við gerð jarðganga til austurs skammt sunnan við jökuljaðar Síðujökuls, gegnum Rauðhóla, er þetta ekki talinn fýsilegur kostur á þessu stigi. Ef ástæða þykir til að kanna þennan möguleika nánar þyrfti að leggja út í kostnaðarsamar rannsóknir eins og getið er um hér að framan að því er varðar miðlunina, sem er forsenda veitu til Djúpár.

Skurður milli Hverfisfljóts og Djúpár skammt sunnan jökuljaðarsins í stað jarðganga verður einnig að teljast vafasöm framkvæmd og því dæmd óraunhæf á þessu stigi. Tekið skal fram að skýrsluhöfundar hafa ekki komið á svæðið austan Hverfisfljóts, en kort og loftmyndir gefa ekki tilefni til að ætla að þarna geti verið um hagkvæmar lausnir að ræða.

Þessu til viðbótar má benda á að þegar jöklar hopa, eins og hefur verið seinustu ár og spáð er að haldi áfram vegna hlýnunar, kemur það fyrst niður á jaðarkvíslum ána, sem hverfa inn í meginkvíslarnar, sbr. t.d. Skeiðará. Af þessum sökum einnig hafa þessar veituhugmyndir ekki verið teknar með í síðustu forathugunum á Hverfisfljóti og Djúpá.

---

<sup>1</sup> Almenna verkfræðistofan, 2003. *Virkjun Djúpár og Hverfisfljóts í Fljótshverfi. Forathugun.* Skýrsla OS-2003/020, apríl 2003.

